

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreyttni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 40 7. janúar 1998 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 428

16. júní 1999

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,99 kr/kWh
Fastagjald F1	3.563,00 kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar miðað við 4.500 lýsingartíma á ári.

Aflgjald	24.000,00 kr/kW/ári
Viðhaldsgjald	10.000,00 kr/kW/ári

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1 ef hagkvæmara þykir.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	3,86 kr/kWh
Fastagjald F2	18.325,00 kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald (lágmark 4 kW)	6.644,00 kr/kW/ári
Fastagjald F3	14.762,00 kr/ári
Orkugjald af allri notkun	2,79 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	5,99 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitlunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan aflslátt.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafli 4 kW, hámarksafli 50 kW.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmark 15 kW.

Aflgjald	10.006,00 kr/kW/ári
Orkugjald	2,20 kr/kWh

B.2 Súgurrkun.

Til súgurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

Aflgjald	3.128,00 kr/kW/ári
Orkugjald	1,87 kr/kWh

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	3,86 kr/kWh
Fastagjald F3	14.762,00 kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald	2,62 kr/kWh
Fastagjald F3	14.762,00 kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími allt að 15 klst. á sólarhring.

D.3 Varmadætur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald	5,32 kr/kWh
Fastagjald F3	14.762,00 kr/ári

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	780,00 kr/ári
Þrífasa mæla	3.075,00 kr/ári
Þrífasa mæla með straumspennum	5.205,00 kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki, en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 885,00.

Opnunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila, er kr. 1.771,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súg-

þurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlíð B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafll hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Orkubú Vestfjarða getur krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafll sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafll umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. líð B.1 í gjaldskrá. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárlíða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárlíði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur Orkubúíð sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárlíða.

7. Annað.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kaптúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitveitu.
 - 1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildarafllþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis, tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	69.403,00	1.397,00
40 - 65	102.873,00	1.674,00
65 - 130	216.380,00	2.100,00
130 - 200	339.738,00	2.527,00

Aukamælagrind fyrir hitaveitur kr. 28.097,00. Ofangreind heimtaugargjöld eru bæði vegna raforkunotkunar til hitunar og til annara nota og skiptist þannig að 75% eru vegna hitunar og 25% vegna annarra nota.

- 2.2. Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg götuhlíðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130-200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.
- 2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisadstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið -uppsteypt hús- er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.
- 2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
- 3.1. Grunnjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 6.739,00.
- 3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.
- Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

III. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er

rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

2. Heimtaugargjald fyrir eina heimtaug á hvert lögbýli, fyrir eina heimtaug til annarra en bænda sem stunda sambærilega atvinnustarfsemi og þeir, enda eigi þeir lögheimili og hafi fasta búsetu í sveit, og fyrir eina heimtaug í þjónustufyrirtæki í sveitum sem þjóna fyrst og fremst þessum aðilum skal vera kr. 115.222. Framangreint grunngjald miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 218,0 stig og að heildarkostnaður við heimtaugarlögna-ina fari ekki fram úr kostnaði við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöð. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.
3. Aðrar heimtaugar:
Heimtaugargjald fyrir annað en að framan greinir, svo sem heimtaugar á lögbýlum umfram eina, heimtaugar umfram eina í tengslum við aðra atvinnu- og þjónustustarfsemi sem um ræðir í 2. lið, heimtaugar í tengslum við aðra starfsemi en þar greinir, heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, sumardvalar- og orlofshús hverskonar og aðrar ótaldar byggingar í sveitum, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða, þó aldrei lægri en heimtaugargjald skv. grein 2 hér að framan.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts, en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og H490 og 42.000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (notkunartímabil=tímabilið milli álestra). Niðurgreiðsla nemur kr. 1,77 kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,47 kr. á kWh, eða samtals 2,24 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,26 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,31 kr. á kWh, eða samtals 1,57 kr/kWh.

Liður C2 næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,01 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,44 kr. á kWh, eða samtals 1,45 kr/kWh.

Liður H490 Orka og vatnsmagn:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,62 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,44 kr. á kWh eða samtals 2,06 kr. á kWh.

V. SKILMÁLAR UM SÖLU ÓTRYGGÐRAR ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Sala á ótryggðri orku er háð samþykki Landsvirkjunar og því að nægjanleg flutningsgeta sé til staðar í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.

Um sölu ótryggðrar orku gilda þeir almennu skilmálar sem stjórn Landsvirkjunar setur á hverjum tíma. Skilmálar Landsvirkjunar með gildistöku 1. janúar 1991 eru sá grunnur sem eftirfarandi skilmálar Orkubús Vestfjarða hvíla á og miðast við.

Líta ber á skilmála þá sem hér eru settir af hálfu Orkubús Vestfjarða sem viðbót við skilmála Landsvirkjunar og flest þau atriði sem þar koma fram eru ekki endurtekin hér.

2. Afhending ótryggðrar orku.

2.1 Ótryggt afl dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.

Þegar um er að ræða notendur með uppsett afl í 1 MW eða meira og rafmagnið er bæði afl- og orkumælt [sbr. grein 3.3 ii í söluskilmálum Landsvirkjunar] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu ótryggðu orkunnar, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

- Vegna bilana á fjarmælingu aflúttektar notanda sem nýtt er til stýringar á forgangstoppi þeim sem Orkubúi Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
- Vegna aftakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
- Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
- Vegna óviðráðanlegra afla [„Force Majeure“].

Fyrirvari rofs vegna ofangreindra tilvika skal eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

2.2 Ótryggt afl ekki dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.

Þegar ótryggða orkan er eingöngu orkumæld [sbr. grein 3.3 í söluskilmálum Landsvirkjunar (sjá þó grein 3.1 í þessum skilmálum)] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

- Vegna stýringa á forgangsafltoppi þeim sem Orkubúi Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
- Vegna aftakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
- Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
- Vegna óviðráðanlegra afla [„Force Majeure“].

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks 2.2 a) en vegna annarra ofangreindra tilvika skal hann eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, mælabúnað sem við á og það samþykkir til mælingar á afl og orku.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þess og getur:

- Rofið afhendingu.
- Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
- Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

4. Takmörkun á sölu ótryggðrar orku.

4.1 Nýir notendur:

4.1.1 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.

Þegar óskað er eftir kaupum á ótryggðri orku ákveður Orkubú Vestfjarða í hverju tilviki fyrir sig, hvort af slíkum viðskiptum geti orðið.

Mat Orkubús Vestfjarða mun byggjast á útreikningum á flutningsgetu í kerfi þess, kostnaði við orku- og afltöp, flýtingarkostnaði í nýfjárfestingu og öðrum þeim rekstrarlegu þáttum sem hamlað geta orkuafhendingu. Verði flýtingarkostnaður hærri en 30% af mismuni þeim sem er á orkuverðum gjaldskrár Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar fyrir ótryggða orku, verður afhending ekki samþykkt, nema til komi sérstök greiðsla vegna þess hluta sem umfram er.

4.1.2 Takmörkun vegna heimtaugar og næsta dreifikerfis.

Kostnað við heimtaug og þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru í dreifikerfinu og nýtast notandanum einum að öllu eða miklu leyti, ber notanda að greiða.

Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

4.2 Notendur sem eru í viðskiptum.

4.2.1 Breytingar á aðstæðum.

Notendur sem komnir eru í viðskipti á grundvelli þeirra söluskilmála og gjaldskrár sem í gildi voru við upphaf viðskipta verða að sæta því að nýjar aðstæður í uppbyggingu veitukerfis Orkubús Vestfjarða, breyttar forsendur um álagsþróun og fleiri atriði geta valdið því, að það rúm sem áður var fyrir sölu til viðkomandi aðila þrengist og kostnaður vegna áframhaldandi sölu verði meiri en gjaldskrá Orkubús Vestfjarða er ætlað að bera [sbr. grein 4.1.1]. Í slíkum tilvikum er óhjákvæmilegt að endurmeta viðskiptin.

4.2.2 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.

Stefni viðskipti Orkubús Vestfjarða og samningsbundins kaupanda ótryggðrar orku í það, að ódýrara verði fyrir Orkubú Vestfjarða að rjúfa afhendingu orkunnar fremur en flýta fjárfestingu [sbr. þau mörk sem tilgreind eru í grein 4.1.1.], mun það segja upp samningi við viðkomandi aðila með eins árs uppsagnarfresti sem lágmark. Á því ári mun Orkubú Vestfjarða leita samkomulags við viðkomandi aðila um greiðslu þess hluta flýtingarkostnaðar sem gjaldskrá nægir ekki fyrir.

Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

5. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. maí 1994 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Orkubús Vestfjarða um sölu ótryggðrar orku frá 1. maí 1994.

2. Rafmagnsgjald án vsk.

Fast gjald	141.812,00 kr/ári
1. verðþrep	1,23 kr/kWh
2. verðþrep	1,59 kr/kWh
3. verðþrep	2,30 kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er, að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Orkubús Vestfjarða og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða. Slíkur afsláttur er háður samþykki stjórnar Landsvirkjunar í hverju tilviki.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 318 6. júní 1996 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

16. júní 1999

Nr. 429

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:
Orka og vatnsmagn H490/I494.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	14.762,00 kr/ári
Orkugjald	3,26 kr/kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	21,84 kr/m ³
Rúmmetragjald m.v. 70°C	16,37 kr/m ³

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis.

Sjá kafla IV. um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499/I495.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	14.762,00 kr/ári
Orkugjald	3,26 kr/kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	21,84 kr/m ³
Rúmmetragjald m.v. 70°C	16,37 kr/m ³